

Vatn (með toluoleimingu)	kr. 30.00	135
Ósápuhæft	—	55.00 30. júní

Gjöld samkvæmt þessum kafla miðast við, að ákvörðun fari fram án sérstaks undirbúnings á sýnishorninu.

2. gr.

Gjald fyrir útflutningsvottorð reiknast auk rannsóknar kr. 50.00.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 28. júlí 1947.

Atvinnumálaráðuneytið, 30. júní 1950.

Hermann Jónasson.

Torfi Þórðarson.

SAMÞYKKT

136

15. júní

um fjárskipti frá Laxárdalsgirðingu, Snæfellsnessgirðingu og Arnarvatnsheiðargirðingu að Hvalfjarðargirðingu.

1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur, Skógarstrandahreppur, Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur og Haukadalshreppur og nokkrir bæir í Laxárdalshreppi.

2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fara fram haustið 1950, en annars svo fljótt, sem við verður komið. Fjárfjöldi á svæðinu var um síðustu áramót um 42 þúsund.

3. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 73 menn, þ. e. þrír fyrir hvern hrepp og hlutfallslega fyrir hreppshluta, sbr. 25. gr. laga nr. 44 9. maí 1947, og jafnmargir til vara. Framkvæmdanefnd skipa 7 menn og jafnmargir til vara, kosnir af fulltrúaráði.

4. gr.

Aðalstörf fjárskiptanefndar eru:

Að sjá um algera eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt og í tæka tíð. Að sjá um að einangrun svæðisins sé sem allra bezt tryggð. Að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið. Að sjá um að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli, sem þar að lúta.

5. gr.

Kostnaði, sem leiðir af undirbúningi og útrýmingu hins gamla fjárstofns, skal jafnað niður á bótaskyldt fé (sbr. þó 4. lið 31. gr. laga nr. 44/1947, um fjárskipti). Kostnaði í sambandi við útvegum á nýjum fjárstofni, og ríkissjóður greiðir ekki (ríkissjóður greiðir flutningskostnað líffjár), skal jafnað niður á innkeypt fé.

136

6. gr.

15. júní

Fjárskiptanefndin skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 15. júní 1950.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

137

KANADASJÓÐUR

til styrktar íslenskum námsmönnum.

Ársreikningur 1949.

Höfuðstóll:

1. Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr. 130926.26
2. Tekjur umfram gjöld samkv. eftirfarandi reikningi	— 1729.55

Kr. 132655.81

Eignum sjóðsins er þannig háttað:

1. Veðdeildarbréf	kr. 10400.00
2. Veðskuldabréf	— 77783.35
3. Handhafaskuldabréf með ríkisábyrgð	— 22000.00
4. Sparisjóðsinnstæða	— 22472.46

Kr. 132655.81

Tekjur:

1. Vextir af veðdeildarbréfum	kr. 525.00
2. — — veðskuldabréfum	— 3704.00
3. — — handhafaskuldabréfum	— 1080.00
4. — — sparisjóðsinnstæðu	— 420.55

Kr. 5729.55

Gjöld:

1. Styrkur til Kristjönu Helgadóttur, lækni, til framhaldsnáms í læknisfræði (kven- og barnasjúkdómum)	kr. 4000.00
2. Lagt við höfuðstól	— 1729.55

Kr. 5729.55

Forsætisráðuneytið, 29. marz 1950.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.